

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 396/2021

frá 10. desember 2021

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 frá 28. júní 2018 um vöktun og skýrslugjöf vegna koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar nýrra þungra ökutækja ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/888 frá 13. mars 2019 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 að því er varðar gögn um ný þung ökutæki sem aðildarríki og framleiðendur eiga að vakta og gefa skýrslu um ⁽²⁾.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 21azj (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/973) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„21azk. **32018 R 0956**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 frá 28. júní 2018 um vöktun og skýrslugjöf vegna koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar nýrra þungra ökutækja (Stjtið. ESB L 173, 9.7.2018, bls. 1), breytt með:

- **32019 R 0888**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/888 frá 13. mars 2019 (Stjtið. ESB L 142, 29.5.2019, bls. 43).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 173, 9.7.2018, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 142, 29.5.2019, bls. 43.

a) Í 1. mgr. 4. gr. kemur „1. janúar 2019“ í stað „frá 1. júlí á árinu eftir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 396/2021 frá 10. desember 2021“, að því er varðar EFTA-ríkin.

b) Hvað EFTA-ríkin varðar, hljóðar hljóði texti annarrar undirgreinar 1. mgr. 4. gr. sem hér segir:

„Frá árinu á eftir því ári sem getið er í fyrsta undirlið þessa ákvæðis skulu lögbær yfirvöld í EFTA-ríkjunum gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um þessi gögn, eigi síðar en 30. september ár hvert, í samræmi við verklagsregluna um skýrslugjöf sem sett er fram í II. viðauka. Þegar gögnin hafa verið send framkvæmdastjórninni skulu EFTA-ríkin tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um það með tölvupósti á netfangið sem komið var á samkvæmt lið 1.1 í II. viðauka.“

c) Eftirfarandi er bætt við 2. mgr. 4. gr.:

„Að því er varðar Liechtensten, skulu þau lögbæru yfirvöld sem bera ábyrgð á vöktun og skýrslugjöf um gögn í samræmi við þessa reglugerð vera vegamálastofnanir (Amt für Strassenverkehr).“

d) Hvað EFTA-ríkin varðar, hljóðar hljóði texti annarrar undirgreinar 1. mgr. 5. gr. sem hér segir:

„Frá og með þeim upphafsárum sem sett eru fram í 1. lið B-hluta I. viðauka, skulu framleiðendur þungra ökutækja með staðfestu í EFTA-ríki gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um þessi gögn, eigi síðar en 30. september ár hvert, fyrir hvert nýtt þungt ökutæki með dagsetningu hermunar sem fellur undir næstliðið almanaksár, í samræmi við verklagsregluna um skýrslugjöf sem sett er fram í II. viðauka. Þegar gögnin hafa verið send framkvæmdastjórninni skal tengiliðurinn tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um það með tölvupósti á netfangið sem komið var á samkvæmt lið 1.1 í II. viðauka.“

e) Gögnin sem EFTA-ríkin og framleiðendur með staðfestu í EFTA-ríkjunum gefa skýrsla um skulu einnig haldin í miðlægu skránni sem vísað er til í 6. gr. Eftirlitsstofnun EFTA skal einnig hafa aðgang að viðeigandi hlutum miðlægu skráarinnar.

f) Í 1. mgr. 8. gr. er orðunum „og Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnina“.

g) Hvað varðar EFTA-ríkin hljóðar 2. mgr. 8. gr. sem hér segir: „Eftirlitsstofnun EFTA skal, í náinni samvinnu við framkvæmdastjórnina, framkvæma sína eigin sannprófun á gæðum gagnanna sem gefin er skýrsla um skv. 4. og 5. gr.“

- h) Í 1. mgr. 9. gr. að því er varðar framleiðendur með staðfestu í EFTA-ríkjunum koma orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ í stað orðanna „framkvæmdastjórninni“ og „framkvæmdastjórnin“. Eftirlitsstofnun EFTA skal vinna náið með framkvæmdastjórninni við mat á hvort leggja skuli stjórnsýslusektir á framleiðendur með staðfestu í EFTA-ríki.
- i) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 4. mgr. 9. gr.:
- „Að því er varðar stjórnsýslusektir sem lagðar eru á framleiðendur með staðfestu í EFTA-ríkjunum, skulu EFTA-ríkin ákvarða úthlutun upphæða stjórnsýslusektanna.“
- j) Í B-hluta I. viðauka skal upphafsár vöktunar gagna, fyrir framleiðendur með staðfestu í EFTA-ríkjunum, vera árið eftir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 396/2021 frá 10. desember 2021“, og upphafsár skýrslugjafar gagna skal vera árið þar á eftir.
- k) Að því er varðar beitingu liðar 1.1 í II. viðauka, skal Eftirlitsstofnun EFTA koma á netfangi fyrir tilkynningar samkvæmt þessari reglugerð.“

2. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2018/956 og framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/888, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. desember 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. desember 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

forseti.

ÓOPINBER ÞÝÐING